

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að neyta heimildar 178. gr. laga 85/1936 og láta málskostnað falla niður.

Hinn reglulegi héraðsdómari hefur vikið sæti í máli þessu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur verið skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfur stefnenda um refsingu, miskabætur og fégjald til að kosta birtingu dóms eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 92/1974. **Fróðá h/f, eigandi jarðarinnar Fróðár,**
(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

**Birni, Einari, Guðmundi, Sigurði og
Úlfari Kristjónssonum, eigendum
jarðarinnar Ytri-Bugs, og**

(Sigurður Ólason hrl.)

**Jóhanni, Óskari og Þorgils Þorgilssonum,
Guðlaugu Þorgilsdóttur,
Bjarna, Gils, Guðmundi, Hrafni og
Kristjáni Friðrikssonum,**

**Anný og Bjarneyju Friðriksdætrum,
eigendum jarðarinnar Innri-Bugs, og**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

**Björn, Einar, Guðmundur, Sigurður og
Úlfar Kristjónssynir**

gegn

Fróðá h/f.

Landamerkjамál. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl s. á. Krefst hann þess aðallega, að landamerki milli Fróðár og Bugsjarða í Fróðárhreppi verði ákveðin þannig: „Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs (auðkennt á uppdrætti sem „Meint stæði hornmarksvörðu“) í engjaodda, eins og hann er staðsettur á sama uppdrætti . . . Lína þessi er beint framhald af línu úr suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá engjaodda ræður svo bein lína innanvert við Fróðárrif í eystri enda skurðs, sem myndar upphaf núverandi afrennslis úr Bugsvaðli . . . Þaðan ræður skurðurinn merkjum og í framhaldi af honum afrennslis Bugsvaðals til sjávar, eins og það nú er . . .“

Til vara hefur aðaláfrýjandi krafist þess, að landamerki milli jarðanna verði ákveðin „bein lína dregin frá suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár gegnum hornmarksvörðu, sem er hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og beint áfram þaðan, þar til hún snertir innri jaðar Fróðárrifs. Frá þeim stað ræður innri jaðar Fróðárrifs merkjum, þar til kemur að eystri enda skurðs, sem myndar upphaf núverandi afrennslis Bugsvaðals til sjávar. Þaðan ræður skurðurinn merkjum milli jarðanna og í framhaldi af honum núverandi afrennslis til sjávar“.

Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda og stefndu.

Stefndu Björn, Einar, Guðmundur, Sigurður og Úlfar Kristjónssynir, eigendur Ytri-Bugs, gagnáfrýjuðu málinu með stefnu 13. júní 1974. Hafa þeir krafist þess aðallega, að „landamerki milli Fróðár og Bugsjarða verði eftir . . . línu: Brúarstöpull — Engjaodda og þaðan óbreyttri stefnu í sjó út“. Til vara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast þeir aðallega málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara aðeins fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa ekki aflað sér áfrýjunarleyfis, og ekki áfrýjuðu þeir málinu á þeim fjögurra vikna fresti, sem

um ræðir í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Verður því að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti, og koma því aðeins varakröfur þessara aðilja til álita hér fyrir dómi.

Eftir áfrýjun máls þessa andaðist Þorgils Þorgilsson, eigandi Innri-Bugs. Samkvæmt skiptagerð urðu erfingjar hans, þau Guðlaug Þorgilsdóttir, Jóhann, Óskar og Þorgils Þorgilssynir, Bjarni, Gils, Guðmundur, Hrafn og Kristján Friðrikssynir svo og Anný og Bjarney Friðriksdætur, eigendur jarðarinnar og hafa tekið við aðild málsins hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Þessir stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með úrskurði, uppkveðnum 14. október 1977, veitti Hæstiréttur aðiljum kost á að afla nokkurra nýrra gagna, meðal annars uppdráttar af hinu umdeilda landsvæði, er sýndi allt Fróðárrif, og væru mörkuð þar á kennileiti, lega Bugsóss samkvæmt „herforingjaráðskortinu frá 1910“ og núverandi „afrennsli Bugsvaðals ytri.“ Enn fremur sérfræðilegra kannana á því, hvort Fróðá hefði átt markaðan farveg gegnum Bugsvaðal ytri fyrir 1936 og hvort líkur væru á því, að breyting hefði orðið á innri jaðri Fróðárrifs, og loks heildarmerkjaskrár fyrir Fróðá með hjáleigum.

Ágúst Böðvarsson landmælingamaður hefur markað á uppdrátt af Fróðárrifi og Bugsvaðli, gerðum samkvæmt loftljósmyndum, teknum 21. júlí 1978, mörk lands og vatns samkvæmt mælingum danska herforingjaráðsins 1910, kröfur aðilja og úrlausn héraðsdóms. Í skýringum hans 20. september 1978 segir meðal annars:

„Ég gerði uppdrátt af svæðinu í mælikvarða 1:10.000 eftir nýjustu flugmyndinni, sem tekin var af Landmælingum Íslands 21. júlí 1978.

Samkvæmt beiðni færði ég inn á uppdráttinn Fróðárrifið eftir 10 sinnum stækkaðri kopíu af frumuppdrætti herforingjaráðsins danska, sem fengin var frá Danmörku í

þessum tilgangi, en svæði þetta var upphaflega mælt í kvarðanum 1:100.000. Eru strandlínur rífsins, flóð og fjara, litaðar rauðar á kortinu.

Til skýringa á nákvæmni herforingjaráðskortsins vil ég benda á, að í kvarðanum 1:100.000 er mesta teikninákvæmni 10 mtr (1/10 m/m) og þótt kortið sé stækkað vex nákvæmni þess ekki við það. Er því herforingjaráðskortið aðeins til viðmiðunar í grófum dráttum. Mælikvarðinn 1:50.000, sem kortið var gefið út í, er bein helmingi stækkun á frummælingunni og hefur því aðeins nákvæmni korts í kvarðanum 1:100.000.

Við samanburð og athugun á flugmyndum og korti hef ég komist að þeim niðurstöðum, sem hér greinir:

- 1) Á flugmyndunum, frá 1945 og 1978, sem báðar eru teknar um fjöru, falla flóð- og fjörumál vel saman.
- 2) Á norður strönd Ytrivaðals er ekki sjáanleg breyting, nema nú hefur eystri hluti Bugsóssins verið grafinn í skurð, og liggur eystri endi skurðsins nokkru sunnar en gamli farvegurinn.
- 3) Austasti tangi Fróðárrífsins hefur mjókkað töluvert.
- 4) Við Eystri Vaðalinn hefur rífið breikkað nokkuð á móts við þar, sem Fróðá fellur í Vaðalinn.
- 5) Hæll A1 fellur á öllum samanburðargögnum nokkuð út á rífið norðan gamla árfarvegarins eða skurðar þess, sem síðar var grafinn meðfram rifinu.
- 6) Á loftmynd frá 1960 má glögg sjá dökka ræmu í botni Ytrivaðals meðfram rifinu, sem bent gæti til þess, að straumur Fróðár hafi grafið um sig þar. Á mynd frá 1965 sést þetta líka, en daufar. Á myndunum frá 1945 og 1978 truflar bárumyndun skyggni vatnsins, svo þar sér ekki fyrir þessu.“

Í landamerkjabréfi Fróðár frá 20. júní 1889 segir svo um merki þau, er hér skipta máli: „Að vestanverðu frá Fola-hnúk í Litla-Rjúkanda eins og hann ræður í Fróðá, svo ræður hún ofan fyrir Arnarhólstún og þaðan sjónhending í engjaodda, en þaðan ræður Bugsós til sjávar.“ Landamerkjabréf þetta er undirritað af umboðsmanni Fróðár-

eigna, ábúanda Fróðár, umboðsmanni Arnarhóls og eiganda Brimilsvalla. Hins vegar er bréfið ekki undirritað vegna Bugsjarða.

Sérfræðilegar kannanir á farvegi Fróðár gegnum Bugsvaðal og hugsanlegum breytingum á innri jaðri Bugsvaðals hafa ekki farið fram aðrar en greinir í skýrslu Ágústs Böðvarssonar.

Í máli þessu hafa verið lögð fram ýmis landamerkjabréf og önnur gögn varðandi jarðir þær, sem hlut eiga að málinu, og grannjarðir þeirra. Eru gögn þessi rakin í héraðsdómi svo og vætti manna.

II.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti verður við það að miða, að landskipti hafi farið fram milli jarðanna Ytri-Bugs og Innri-Bugs, en þó þannig, að Fróðárrif, ef og að því leyti sem það telst tilheyra jörðum þessum, sé óskipt sameign þeirra. Eigendur beggja jarðanna eiga samkvæmt því óskipta sakaraðild í máli þessu.

Aðalkrafa eiganda Fróðár fyrir Hæstarétti er um aðra landamerkjalinu en hann krafðist, að dæmd yrði rétt landamerki, er málið var flutt fyrir landamerkjadómi. Hann hefur skýrt þessa kröfu svo, að hún sé reist á sömu grundvallarsjónarmiðum og dómkröfur hans fyrir landamerkjadómi, er virðast vera þau, að gamall farvegur Fróðár í gegnum Bugsvaðal vestari meðfram innanverðu Fróðárrifi ráði merkjum, og eigi Fróðá land í miðjan þennan gamla farveg, sbr. hér meginregluna í 1. tl. 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Fyrir hagkvæmisakir sé landamerkjalínan hins vegar nú dregin sem bein lína í gegnum vaðalinn meðfram rifinu frá Engjaodda að austan í afrennslisskurð úr vaðlinum að vestan í stað þess að miða við línu, sem alfarið fylgi strandlengjunni í sömu fjarlægð og Engjaoddi er frá innri brún rífsins. Eigi að síður verður að telja, að hér sé um að ræða slíka breytingu frá þeim dómkröfum, sem eigandi Fróðár hafði uppi fyrir landamerkjadómi, að hún valdi því, að dómkröfur hans fyrir Hæstarétti gangi a. m. k. að sumu leyti lengra en þær gerðu.

Að því er varðar landamerkjalinu úr vestari brúarstöpli Fróðárbrúar um stæði vörðu, sem áður var hornmark milli Arnarhóls og Fróðár, en þaðan í svonefndan Engjaodda, er þess að geta, að aðilja greinir hér ekki á um annað en síðastnefnda kennileitið. Telja eigendur Fróðár það vera á graslendinu á eystri strönd Bugsvaðals vestari, örskammt innan við skurð, sem grafinn hefur verið milli Bugsvaðla innanvert við Fróðárrif, en hefur nú að talsverðu leyti fyllst af sjávarmöl og sigið saman. Eigendur Bugsjarða telja kennileiti þessi hins vegar vera sjávarmegin skurðarins úti á sjálfu rifinu, sem færst hafi inn yfir graslendið. Er það einnig niðurstaða landamerkjadómsins um þetta atriði. Er þá Engjaoddi á beinni línu, sem liggur úr brúarstöpli Fróðárbrúar um áðurnefnt vörðustæði, sem enginn ágreiningur er um, og svo til sjávar, en staður sá, sem eigendur Fróðár benda á sem Engjaodda, liggur örlítið vestan þeirrar línu. Skal þá fyrst hugað að staðhæfingum aðilja um það, hvar Engjaoddi sé.

Í héraðsdómi er lýst rennsli Fróðár til sjávar og um vestari Bugsvaðal og hversu það stíflaðist árið 1936. Þar er einnig greint frá rennu þeirri, sem var milli vaðlanna beggja og ætla verður, að verið hafi farvegur Fróðár, a. m. k. á því svæði, sem hér ræðir um. Heitið Engjaoddi bendir til þess, að það hafi átt við odda, sem myndast hefur, þar sem saman komu vaðallinn og áðurnefnd renna eða farvegur. Ekkert verður um það fullyrt, að skurður sá, sem sést með glöggum ummerkjum, falli saman við þennan fyrri Fróðárfarveg, og er því haldið fram af eigendum Bugsjarða, að skurðurinn hafi verið grafinn að nokkru eða öllu leyti á votlendinu landmegin farvegarins. En hvernig sem því er varið, er á það að líta, að skurður þessi var grafinn að tilhlutan eiganda Fróðár, sem með því hefur raskað ummerkjum á landamerkjunum. Er þá eðlilegast, að eigandi Fróðár beri halla af þeirri óvissu um kennileitið Engjaodda, sem orðin er, þannig að á það verður ekki lengur vísað með vissu. Staður sá, sem eigendur Bugsjarða benda á sem Engjaodda og landamerkjadómurinn hefur fallist á og

nefndur er punktur A1 í dóminum, er hins vegar svo langt úti á mallarrifinu, að ekki þykir líklegt, að þar hafi Engjaodinn áður verið. Mælir og greinargerð og samanburðaruppdráttur Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns gegn niðurstöðu landamerkjadóms um þetta atriði, þó að þann samanburðaruppdrátt verði að vísu að virða með hliðsjón af þeim ummælum í greinargerðinni, að svonefnt herforingjaráðskort frá 1910 verði aðeins haft til viðmiðunar í grófum dráttum. Með hliðsjón af aðstæðum öllum á vettvangi svo og því, sem síðar verður greint um landamerkjalinu úr hornmarki þessu til vesturs, þykir eðlilegt að miða hér við það, að Engjaoddi sé á hinni beinu línu úr vestari brúarstöpli Fróðárbrúar um stæði hornmarksvörðu og til sjávar, þar sem lína þessi sker innri brún mallarrifsins sjávarmegin skurðar þess, sem greindur var. Verður það því lagt til grundvallar dómi í máli þessu.

Kemur þessu næst til athugunar, hvernig liggi landamerkjalínan úr framangreindum punkti til vesturs eftir Fróðárrifi.

Landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 var undirritað af Þorgils Þorgilssyni, eiganda Innri-Bugs, og var því bindandi fyrir hann. Kristjón Jónsson, ábúandi Þjóðjarðarinnar Ytri-Bugs, og Ólafur Bjarnason, umboðsmaður hennar, sem undirrituðu landamerkjabréfið vegna þeirrar jarðar, voru að vísu ekki bærir til þess, svo að bindandi væri fyrir jarðar-eiganda, að afsala frá jörðinni neinum hluta hennar með undirskrift sinni undir landamerkjabréfið. Ekki eru líkur að því leiddar, að með landamerkjabréfi þessu hafi í neinu verið raskað eldri merkjum. Hljóta undirskriftir bæði ábúanda og umboðsmanns jarðarinnar að teljast hafa ríkt sönnunargildi um merkin. Þykir því mega leggja landamerkjabréf þetta til grundvallar dómi í máli þessu. Er til þess þeim mun ríkari ástæða sem landamerkjabréfið hefur stoð í landamerkjabréfi fyrir Arnarhól frá 25. maí 1889 og í dómi landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928 svo og í vætti þeirra Ólafs Bjarnasonar hreppstjóra og séra Magnúsar Guðmundssonar prófasts. Skal í þessu sambandi

tekið fram, að ekki hefur verið sýnt fram á, að undirskriftir undir landamerkjabréfið hafi verið haldnar neinum þeim annmörkum, sem haggð geti gildi þeirra.

Landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 virðist vera við það miðað, að í vestari Bugsvaðli hafi verið farvegur meðfram Fróðárrifi innanverðu, sem markaður hafi verið af Fróðá á þeim tíma, sem hún hafði afrennsli til sjávar við Rauðaberg í gegnum vaðalinn. Réð árfarvegur þessi merkjum samkvæmt landamerkjabréfinu. Dómkröfur eigenda Bugsjarða svo og niðurstaða landamerkjadóms um landamerki eftir endilöngu Fróðárrifi hvíla á þeim grundvelli, að rífið hafi færst svo mjög inn í farveginn, að merkin liggi nú úti á rifinu. Um þetta nýtur hins vegar ekki við traustra gagna. Samkvæmt samanburðarupprætti Ágústs Böðvarssonar er innri brún rífsins sums staðar nokkru innar en áður var. Eru þó eftir upprættinum þær breytingar ekki eins miklar og landamerkjadómurinn hefur talið. En hvernig sem þessu er varið, er ósannað, að rífið hafi nokkurs staðar færst innar en í miðjan þann árfarveg, sem greindur var. Verður því að taka til greina kröfu eigenda Fróðár um, að landamerki fylgi innri brún Fróðárrífs, uns komið er í norð-vesturhorn vaðalsins, en þaðan þykir rétt að ákveða merkin sem beina línu þangað sem mætast afrennslisskurður, sem grafinn hefur verið úr vaðlinum, og gamli farvegur Bugsóss, en síðan ráði hann merkjum til sjávar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

D ó m s o r ð:

Landamerki milli Fróðár annars vegar og Innri-Bugs og Ytri-Bugs hins vegar skulu vera bein lína úr suðausturhorni vestari brúarstöpsuls Fróðárbrúar um stæði hornmarksvörðu, sem var hornmark milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, uns lína þessi sker innri brún Fróðárrífs sjávarmegin skurðar meðfram rifinu. Síðan fylgi landamerkjalínan innri brún Fróðárrífs, uns komið er í

norðvesturhorn Bugsvaðals vestari, en þaðan sé hún bein lína þangað sem koma saman afrennslisskurður úr vaðlinum og gamli farvegur Bugsóss, sem síðan ræður merkjum til sjávar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

28. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. júlí 1973, er höfðað fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með tveimur stefnum, útgefnum 2. og 3. ágúst 1972, af eigendum jarðanna Innri-Bugs og Ytri-Bugs í Fróðárhreppi, þeim Þorgils Þorgilssyni, eiganda Innri-Bugs, og Sigurði, Birni, Einari, Guðmundi og Úlfari Kristjónssonum, eigendum Ytri-Bugs, gegn Fróðá h/f, eiganda jarðarinnar Fróðár í sama hreppi.

Stefnendur hafa báðir sótt þing í málinu og flutt málið hvor fyrir sig, en jafnframt haft algera samstöðu um kröfugerð og málatilbúnað, enda virðast þeir telja hið umdeilda land óskipta sameign sína.

Kröfur stefnenda eru þessar:

Að landamerkin verði ákveðin þannig, *aðallega*:

Bein lína frá sjó í Engjaodda við Bugsvaðal ytri, eins og Engjaoddinn er sýndur á dskj. nr. 14, merktur A 1, og áfram beina stefnu í hornmarksvörðu, sem merkt er B á sama dóms-skjali. *Til vara*: Að lína verði dregin til vesturs eftir Fróðárrifi frá Engjaoddum við Bugsvaðal og liggi hún í punkt B 1 á dskj. nr. 14. Að vestan ráði lína, sem dregin er þvert á Fróðárrif í framhaldi af austurtakmörkum Bugstúna. *Þrautavarakrafa*: Að allt Fróðárrif tilheyri jörðinni Fróðá að gamla Bugsósi, svo sem hann er sýndur á herforingjaráðskorti frá 1910, og síðan ráði Bugsós til sjávar, þó svo, að veiðiréttur í Bugsvaðli ytri fylgi ekki rifinu.

Kröfur stefnda eru þessar:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á Engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestari brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnt hornmerki. Frá merk-

inu á Engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrifi innanverðu, í sömu fjarlægð og áður nefnt merki, í gegnum Bugsvaðal, þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910.

Allir aðilar krefjast málskostnaðar.

Dómurinn gekk á vettvang ásamt lögmönnum aðila.

Sátt var reynd árangurslaust.

Mál út af sama landamerkjaágreiningi var áður rekið fyrir landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og var dómur í því máli kveðinn upp þann 18. júní 1969. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. júní 1972, var því máli vísað frá dómi.

Lögmenn aðila hafa lýst því yfir, að þeir taki sem fullgildar í þessu máli yfirlýsingar og vitnaleiðslur, sem fram komu í hinu fyrra máli og teknar eru upp í Hæstaréttarágrip í málinu nr. 28/1970, merkt dskj. nr. 4 í þessu máli.

II.

Staðhættir á deilusvæðinu eru í stórum dráttum þeir, að áin Fróðá rennur til sjávar gegnum vaðal eða vaðla, er liggja á milli svokallaðs Rauðabergs að vestan og Haukabrekkuhöfða að austan. Fyrir botni svokallaðrar Gamlavíkur, sem áin rennur í, hefur myndast sandrif, væntanlega vegna framburðar árinna annars vegar og sjávangangs hins vegar, og liggur rif þetta, sem kallast Fróðárrif, í boga fyrir víkurbotni. Bak við rifið eru framangreindir vaðlar eða vötn, sem nefnast Bugsvötn, en milli þeirra eru grasigrónir vellir og mýrar. Áður fyrr var samgangur milli vatnanna um rennu, er lá innan við rifið, en fyrir ágang sjávar fylltist rennan og stíflaðist. Enginn samgangur er nú milli vatnanna. Fróðá rennur í innra vatnið, og hefur það ós til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða. Eftir að rennan milli vatnanna stíflaðist, var myndað afrennsli frá ytra vatninu til sjávar með því að grafa sundur rifið vestur við Rauðaberg, en meðan samgangur var milli vatnanna, höfðu þau sama ós til sjávar. Fyrr á þessari öld mun ósinn til sjávar hafa runnið úr ytra vatninu við rifsendann Rauðabergsmegin.

III.

Lagt hefur verið fram í málinu landamerkjabréf, dagsett að Fróðá 27. júlí 1941, um landamerki milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs, en þar segir svo:

„I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Fola-
hnúk í Rjúkanda í Kjósdalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og
ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestri brúar-
stöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu, sem er horn-
marksvarða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða
sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrrnefndum
brúarstöpli í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytri-Bugs og Fróðár eru merkin úr fyrrnefndri horn-
marksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eft-
ir gamla árfarveginum í gegnum Bugsvaðal þar til gamli
Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til
sjávar samkv. herforingjakorti frá 1910.“

Einnig hefur verið lagt fram endurrit af landamerkjaskrá
Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um landamerki fyrir þjóð-
eigninni Arnarhóli í Neshreppi innan Ennis, dagsett að Arnar-
hóli 25. maí 1889, og segir þar m. a.:

„I. Á milli Fróðár og Arnarhóls ræður sjónhending úr Fola-
hnúk í Llitla-Rjúkanda og svo eftir gili sem rennur þaðan ofan í
Fróðá. Síðan ræður Fróðá ofan fyrir Arnarhól, á móts við
klett, sem stendur norðan til í Arnarhólum. Þaðan sjón-
hending í svokallaðan Engjatanga niður við Bugsvaðal, og
síðan ræður Bugsós til sjóar.“

Stefndi hefur lagt fram í málinu endurrit úr dómsmálabók
Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu af dómi, uppkveðnum 22. júní
1928, í máli milli þáverandi eigenda Fróðár og Haukabrekku um
réttindi yfir Fróðárrifi. Dómi þessum virðist ekki hafa verið
áfrýjað til Hæstaréttar. Rétt þykir að taka hér upp úr þeim
dómi það, sem skipt getur máli um lausn þessa máls. Dómur
þessi var einn af fjórum dómum, uppkveðnum sama dag, varð-
andi landamerki ýmissa nágrannajarða Fróðár. Í dóminum segir
m. a.:

„Í landamerkjabók sýslunnar finnst aðeins heildarlanda-
merkjaskrá fyrir jörðina Fróðá með hjáleigum, en engar landa-
merkjaskrár, hvorki fyrir Fróðá sjálfri né hjáleigunum sérstak-
lega. Að Fróðárrif hafi heyrt undir heildareignina, er tvímæla-
laust. Fram að árinu 1905 var Fróðártorfan óskift heildareign,
en með bréfi, dags. 29. apríl 1905, þingl. 1. júní 1912, afsalar
síðasti heildareigandi Fróðár með hjáleigum, síra Helgi Árna-
son, til Ásgeirs Þórðarsonar jörðina Fróðá með Fróðáarkoti án
nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum. Hinum hjáleigum jarð-
arinnar, þar á meðal Haukabrekku, afsalar svo síra Helgi Árna-

son með bréfi, dags. 12. sept. 1916, þingl. 19. júní 1917, til síra Guðmundar Einarssonar í Ólafsvík án nokkurrar tilgreiningar á landamerkjum jarðanna, og síra Guðmundur Einarsson selur svo jarðirnar hverja um sig fljótlega aftur, þar á meðal Haukabrekku, án nokkurra sérlandamerkja. Heimildarplögg eða landamerkjabók sýslunnar upplýsa því ekkert í þessu efni.

Það mun vera hin vanalega regla, að sérstök friðindi höfuðbóla með hjáleigum falli oftast til höfuðbólanna eða heimajarðanna sjálfra við skiftingu eignanna fremur en til hjáleignanna. Samkvæmt þessu virðist rífið fremur tilheyra heimajörðinni Fróðá en einni af hjáleigunum, svo sem Haukabrekku. Rif þetta hefur svo lengi sem núlifandi menn muna til verið kallað Fróðárrif, sem einnig bendir til þess, að það hafi jafnan tilheyrt heimajörðinni Fróðá sjálfri. Hin framlögðu vottorð af hálfu eiganda Fróðár sýna einnig, að vottorðsgefendurnir telja rífið til heimajarðarinnar Fróðár sjálfrar. Almæli er og meðal manna hér um slóðir, að áin Fróðá hafi þar til fyrir tæpri öld síðan runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða. Þótt síra Helgi Árnason hafi árið 1908 byggt Fróðárrif með Haukabrekku, er það út af fyrir sig ekki sönnun þess, að hann eftir söluna 1905 á Fróðá hafi haft heimild til þess, enda sýna framlögð vottorð, að eigandi Fróðár hefur mótmælt því.

Að öllu þessu athuguðu verður landamerkjadómurinn að til-dæma jörðinni Fróðá allt Fróðárrif vestan frá Bugsós og austur að Haukabrekku-höfða.“

Þá hefur verið lagt fram landamerkjabréf fyrir jörðinni Fróðá, dagsett 9. júlí 1930, en það er ekki undirritað af eigendum Bugsjarða.

Fleiri skjöl hafa verið lögð fram, en skipta minna máli, og hafa málsaðiljar ekki mótmælt þeim sem óstaðfestum, en hins vegar sem röngum að því leyti sem þau fara í bága við málflutning þeirra.

IV.

Aðiljar eru sammála um, að Fróðá muni fyrr á öldum hafa runnið til sjávar austur við Haukabrekkuhöfða, en einhvern tíma á síðustu öld hafi hún tekið að renna út úr vestari vaðlinum í námunda við tún Bugsjarða, og þar rann hún, þegar herforingjaráðsuppdráttur var gerður árið 1910. Á árinu 1936 hafi sá farvegur stíflast af sjávangangi og áin þá brotið sér farveg út úr rifinu austanverðu, þar sem hún rennur nú til sjávar, eins og áður segir.

V.

Verða nú raktir framburðir aðilja, vitna og vottorðsgefenda.

Þorgils Þorgilsson, annar stefnenda málsins, hefur gefið aðilja-skýrslu. Þar segir m. a.:

„Þegar ég skrifaði undir landamerkjalyðingu milli Fróðár og Bugsjarða hinn 27. júlí 1941, var ekkert sérstaklega minnst á breytingu á landamerkjum niður við sjóinn, og áreiðanlega ekki minnst á herforingjaráðskort í því sambandi, enda var slíkur uppdráttur alls ekki til staðar við undirskriftirnar. Hafi þessi viðbót „samkv. herforingjakorti frá 1910“ þá verið í skjalinu, hefi ég a. m. k. ekki veitt því eftirtekt.

Það skal loks tekið fram, að rífið framan við Syðri-Bugsvaðal hefur lengst mikið síðustu áratugi, auk þess sem það mun hafa verið allverulega rangt markað á kortinu miðað við þann tíma, sem það á að hafa verið gert.“

Fram eru lagðar í málinu tvær umsagnir Elíníusar Jónssonar, fyrrum kaupfélagsstjóra í Ólafsvík, en hann keypti jörðina Fróðá árið 1927 fyrir Kaupfélag Ólafsvíkur, og nytjaði hann og aðrir kaupfélagsmenn jörðina næstu 12 ár á eftir. Hann telur mörkin milli Fróðár og Bugsjarða hafa verið „séð frá sjó, Melþúfa í vörðu á Engjaodda.“ Hann telur þá kaupfélagsmenn hafa hirt allan reka frá Melþúfunni að vestan að Haukabrekkuhöfða að austan. Hann vitnar enn fremur, að hann viti ekki annað en að merki um Melþúfuna á rifinu, sem nú er að vísu löngu horfin, hafi verið haldin í manna minnum, enda hafi aldrei komið til þess, að Fróðármenn nytjuðu land eða veiði vestan hennar. Sand hafi þeir Fróðármenn tekið miklu austar á rifinu. Hann telur sig hafa heyrt, að Bugsmenn hafi skrifað undir eitthvert plagg viðvíkjandi ytra rifinu, en vottar í því sambandi, að meðan hann hafi verið fyrir vestan, hafi engin breyting orðið á nytjum umrædds lands þrátt fyrir þessar undirskriftir. Hann segir sér ekki kunnugt um, hvort Þorgils Þorgilsson hafi tekið sand úr ytra rifinu, en veiði í vaðlinum hafi Bugsmenn stundað, en engir aðrir, svo hann viti. Aldrei hafi neinn vafi verið á um merki eða landsnytjar þann tíma, sem Kaupfélag Ólafsvíkur hafði umráð og umsjá með Fróðá.

Þórður Þórðarson veggfóðrunarmeistari, Reykjavík, hefur gefið skriflegt vottorð. Hann kveðst hafa verið viðstaddur, er landamerki jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs voru ákveðin í júlímánuði árið 1941, og hafi hann þá ásamt öðrum gengið á merki jarðanna. Í vottorði hans segir m. a.: „ . . . aldrei var á

það minnst, er merkin voru sett, að afstaða skyldi tekin til eignarréttar yfir Fróðárrifi né heldur að gamli Bugsós skyldi ráða merkjum til sjávar milli jarðanna Fróðár og Ytri-Bugs, hvorki svo sem hann er sýndur á herforingjakorti frá 1910 né heldur eins og hann var á árinu 1941, þá er framangreind lögskipti áttu sér stað . . .“

Hervin Pétursson verkamaður hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst muna eftir Melþúfu á rifinu vestan við ytri Engjaoddann, en kveðst ekki hafa heyrt, að hún skipti merkjum. Hann kveðst ekki vita, hverjir hafi nytjað rífið og heldur ekki hverjir hafi nytjað veiði í Ytri-Bugsvaðli. Hann tekur fram, að í stórstraumi hafi gætt sjávarfalla í Innri-Bugsvaðli, meðan Bugsós rann til sjávar við Rauðaberg.

Jóhann Þorgilsson, sonur stefnanda Þorgils Þorgilssonar hefur borið, að Fróðárrif hafi verið nytjað frá Bugsjörðum og inn að ytri Engjaodda. Hann kveðst muna eftir Melþúfu á rifinu og kveðst hafa heyrt í seinni tíð, að hún skipti merkjum, en veit ekki milli hvaða jarða hún var talin skipta merkjum. Ólafur Bjarnason hreppstjóri, fæddur árið 1889, hefur komið fyrir dóm. Vitnið „kveðst vel minnugt þess, þegar skjal þetta“ (landamerkjabréfið frá 1941) var undirritað, og kannast við að hafa undirritað það. Vitnið telur, að tildrög þess, að landamerkjabréf þetta var gert, hafi verið þau, að eigandi Fróðár hafi óskað eftir, að merkin yrðu endurnýjuð eða eigendur glöggvuðu sig á þeim. Vitnið segist minnast þess, að í skjalið hafi verið sett ákvæði um herforingjaráðskortið frá 1910, og hafi það verið gert til þess að taka af allan vafa í framtíðinni um það, hvar merkin væru. Vitnið kveðst ekki muna, hvort herforingjaráðskort var við hendina, þegar landamerkjabréfið var samið, en segir, að það hafi verið alveg fullvíst, hvar merkin voru. Vitnið kveðst ekki muna, hvar undirskriftir fóru fram, en telur, að það hafi verið að Fróðá. Vitnið kveðst hafa haft vitneskju sína um merki Fróðár frá eldra fólki, m. a. Guðsteini Þorsteinssyni, sem var allan sinn aldur í Fróðárhreppi (Nes-hreppi innan Ennis), en hann var fæddur árið 1832 og andaðist árið 1915, og Þórkötlur Jóhannsdóttur, sem lengi bjó í Fróðárhreppi, og Guðmundi Þorlákssyni, sem lengi bjó í Geirakoti og var mjög fróður um öll landamerki í Fróðárhreppi . . . Vitnið tekur fram, að reki á Fróðárrifi hafi verið nýttur frá Fróðá og hafi Fróðá átt allan rekann. Það kveðst minnast þess, að ábúendur Ytri-Bugs hafi nytjað veiði í Bugsósi innan við Rauða-

berg, en því er ekki kunnugt um, að ábúendur Fróðár hafi stundað veiði þar. Vitninu er ekki kunnugt um nöfnin „Móabarð“ eða „Melþúfa“ á Fróðárrifi, en man eftir smámelgraspúfum hér og hvar á rifinu.“

Magnús Guðmundsson, fyrrv. prófastur, fæddur árið 1896, hefur fyrir dómi borið m. a.: „Vitnið tekur fram, að allan þann tíma, sem það var búsett í Ólafsvík, frá 1920—1963, hafi það alltaf heyrt, að Fróðá ætti allt Fróðárrif. Þetta segir vitnið, að hafi sagt sér gamlir menn, sem gjörla þekktu til, þ. á m. Þórkatla Jóhannsdóttir, sem lengi bjó í Klettakoti, margfróð kona, og Guðmundur Þorláksson, bóndi í Geirakoti og Innri-Bug og síðast í Ólafsvík. Þá kveðst vitnið sérstaklega hafa kynnt sér þetta árið 1928, þegar það var meðdómsmaður í tveimur landamerkjamállum . . . Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt nöfnin „Móabarð“ og „Melþúfa“ á Fróðárrifi og kveðst þó hafa reynt að safna örnefnum eftir því sem það gat. Það kveðst heldur ekki kannast við þau nöfn sem kennileiti eða að þau hafi verið notuð í landamerkjálýsingum. Vitnið tekur fram, að það telji landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs, á Fróðárrifi, hafa verið við Bugsós, þar sem hann féll til sjávar árið 1936, áður en Fróðá breytti um farveg . . . Vitnið segir, að allur reki á Fróðárrifi hafi verið nytjaður af Fróðá, en kveðst ekki minnst þess, að aðrir nytjuðu veiði í Bugsvaðli og ósunum en ábúendur Bugsjarða. Fróðárþændur hafi aldrei nytjað veiði í ósnum, þótt þeir ættu land að öðrum megin. Vitnið tekur fram, að netaveiði í Bugsvaðli og ádráttarveiði í ósnum hafi alltaf verið mikið stunduð af ábúendum Bugsjarða.“

Önnur vætti hafa minni þýðingu fyrir úrslit málsins og verða ekki rakin hér.

VI.

Stefnendur styðja aðalkröfu sína þeim rökum, að augljóst sé af staðháttum, að Bugsvaðlar báðir og landið á milli þeirra sé allt samfelld ósasvæði Fróðár, enda upplýst, að áin hafi runnið ýmist út við Rauðaberg að vestan eða norður við Haukabrekkuhöfða að austan og að segja megi alls staðar þar á milli á hinum ýmsu tímum. Samkvæmt því sé einsætt, að miðlínuregla Jónsbókar, Llb. 56, eigi hér við. Önnur meginmálsástæða stefnenda er sú, að eigendur og ábúendur Bugsjarða hafi í manna minnum nytjað rífið, eins og það væri þeirra eignarland, og öll tilheyrandi friðindi og alla veiði í Bugsvaðli ytri og hafi

þeir því öðlast eignarrétt á vestari hluta rífsins fyrir hefð. Hafi Fróðármenn þar hvergi nærri komið og engin mótmæli uppi haft. Stefnendur hafa mótmælt því, að landamerkjadómurinn frá 1928 verði talinn bindandi fyrir Bugsjarðir, þar sem eigendur þeirra hafi ekki fengið tækifæri til þess að gæta réttar síns né heldur hafi dómurinn verið birtur fyrirsvarsmönnum þeirra jarða og honum hafi ekki verið þinglýst og hann ekki færður inn í landamerkjabækur sýslumannsembættisins í Stykkishólmi. Þá hafa þeir mótmælt landamerkjabréfinu frá 1941. Telja þeir, að það sé á ýmsan hátt varhugavert og hafi með því verið breytt gömlum merkjum, þ. e. eigendur Bugsjarða hafi afsalað sér hálfu Fróðárrífi, en til þess hafi þeir ekki verið bærir, þar sem samþykki eiginkonu Þorgils Þorgilssonar hefði þurft til að koma og umboðsmanni þjóðjarða hafi verið heimildarlaust að gera slíka afsalssamninga.

Vrakröfu sína byggja stefnendur á því, að á síðustu 150 árum hafi orðið miklar breytingar á Fróðárrífi, einkum þær, að rífið hafi færst að landinu og tekið að ganga upp á engjasvæðið, er skilur að vaðlana tvo. Af loftljósmyndum frá árunum 1946—1957 og 1960 (dskj. nr. 10, 11 og 12) sé hægt að greina verulega breytingu á rifinu, þannig að augljóst sé, að það færist ört inn á land. Af uppdraetti verkfræðings, sem gerður er eftir loftljósmyndinni frá 1946 (dskj. nr. 13), og uppdraetti, gerðum í júlí 1973 af sama verkfræðingi samkvæmt mælingu á vettvangi (dskj. nr. 14), megi sjá, að rífið hafi færst svo langt inn yfir land, að Engjaoddarnir svonefndu séu komnir alllangt undir rífið. Á rifinu megi sjá leifar af girðingu, sem var á syðri bakka (landmegin) rennunnar, sem tengdi vaðlana tvo. Það hljóti að vera ljóst, að um leið og rífið færist yfir land stefnenda, verði það þeirra eign. Af því leiði, að hafi rífið einhvern tíma tilheyrt jörðinni Fróðá, þá tilheyri það henni ekki lengur að því er varðar þann hluta rífsins, sem liggur vestan Engjaodda, eða a. m. k. ekki þann hluta þess vestan Engjaodda, sem færst hefur yfir land þeirra. Af þessum sökum sé nauðsynlegt að miða merki jarðanna við annað en Fróðárríf til þess að koma í veg fyrir málaferli síðar.

Þrautavarakröfu sína byggja stefnendur á því, að hin samfelldu, varanlegu og útilokandi afnot Bugsmanna af veiði í Bugsvaðli og nytjum af Fróðárrífi skapi þeim hefðbundinn rétt til slíkra afnota framvegis, jafnvel þótt grunneignarréttur þeirra verði ekki viðurkenndur.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, að landamerkjabréfið frá 1941 sé frumheimild, enda hafi rífið alla tíð fylgt jörðinni Fróðá og sé eignarhaldið ótvírætt úrskurðað Fróðá með dómnum frá 1928. Fróðá hafi árin 1835—1936 runnið til sjávar vestan við rífið, við Rauðaberg. Þetta hafi einnig stuðning í landamerkjabréfinu fyrir þjóðeygninni Arnarhóli frá 25. maí 1889, þar sem merkin milli Arnarhóls og Fróðár séu m. a. um Bugsós til sjávar, svo og landamerkjabréfi fyrir Fróðá frá 9. júlí 1930, þar sem Bugsós ræður merkjum, en upplýst sé, að á þessum tíma hafi Fróðá (Bugsós) runnið til sjávar að vestan og ósinn ekki færst austur fyrir fyrr en árið 1936. Tilvísun í „gamla Bugsós“ og herforingjaráðskortið í merkjabréfinu frá 1941 styðji þetta einnig, enda hafi þessi ákvæði verið sett í bréfið til frekari skýringa og glöggvunar og til þess að taka af allan vafa.

VII.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, virðist ótvírætt, að landamerkjabréfið frá 27. júlí 1941 sé í fullu gildi, enda ástæður þær, sem færðar eru fyrir ógildi þess, ekki nægilega rökstuddar eða haldgóðar. Upplýst er í málinu, að eigendur og ábúendur Bugsjarða hafa einir nytjað veiði í Bugsvaðli ytri og haft nytjar af Fróðárrífi um langan aldur. Hins vegar verður ekki séð, að þeir hafi haft það eignarhald á vestari hluta Fróðárrífs, að það skapi þeim eignarrétt á þeim hluta rífsins fyrir hefð. Dómurinn verður því að hafna aðalkröfu stefnenda.

Dómurinn getur fallist á þær röksemdir, sem stefnendur færa fyrir því, að Fróðárrif hafi færst inn á land fyrir áhrif sjávar, og að við það hafi Engjaoddi, sem miðað er við í landamerkjabréfinu, horfið undir rífið. Einnig getur dómurinn fallist á þær röksemdir stefnenda, að Engjaoddinn sé staðsettur þar, sem merktur er punktur A 1 á uppdrættinum á dskj. nr. 14, og sést það við samanburð á uppdrættinum og loftljósmyndunum frá 1946 og 1960 (dskj. nr. 10 og 12). Hins vegar verður nú ekki lengur séð, hvar gamli árfarvegurinn í gegnum Bugsvaðal, sem miðað er við í landamerkjabréfinu frá 1941, hefur legið, og verður því dómurinn að marka línu, er komi í hans stað, sem landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs.

Landfræðilega virðist eðlilegast að ákvarða merkin eftir beinni línu frá Engjaoddanum (punkti A 1) og í miðjan grasigróinn stóran klett, sem stendur einn sér í túnjaðri Ytri-Bugs, ofan við rífið, vestur undir Rauðabergi, og eru dómendur sammála um

að ákveða merkin eftir þeirri línu, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, sem síðan ræður til sjávar.

Eftir þessum úrslitum þykir eðlilegt, að málsaðiljar beri hver sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Gísla Kjartanssyni dómarafulltrúa, Borgarnesi, og Þráni Bjarnasyni oddvita, Hlíðarholti í Staðar-sveit.

Dómsorð:

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmarksvörðu, sem er hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, í merki á Engjaodda (punktur A 1), og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðausturhorni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrrnefnda hornmarksvörðu. Frá merkinu á Engjaodda (punktur A 1) ræður bein lína með stefnu í miðjan grasigróinn stóran klett, sem stendur einn sér í túnjaðri Ytri-Bugs, ofan við rífið, vesturundir Rauðabergi, þar til hún sker núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri, og ræður það síðan til sjávar þar, sem það rennur við Rauðaberg.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. júlí 1979.

Nr. 164/1976. **Sigfús H. Vigfússon, eigandi Geirlands,**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Pálssyni, eiganda Prestbakka, og
Þorbergi Jónssyni, eiganda Prestbakkakots
(Sigurður Ólason hrl.).

Landaemerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.